# Viðhald malarstíga



Í mörgum kirkjugörðum eru malarstígar ýmist fyrir gangandi og/eða akandi umferð. Í þessum stígum getur með tímanum byrjað að vaxa illgresi og gras og önnur óhreinindi. Þetta gerist sérstaklega þar sem umferð er lítil, skuggi liggur yfir, lítilli umhirðu er sinnt að jafnaði og þar sem aðstæður umhverfis stíganna leiða til þess að lauf safnast fyrir á þeim.

Malarstígar henta vel í kirkjugarða þar sem þeir henta vel til aksturs innan garðsins bæði fyrir bíla og fyrir þau tæki sem þarf til greftrunar. Þegar svæði eru orðin svo gott sem fullgrafin og akandi umferð minnkar má svo auðveldlega breyta stígunum í grasflatir með því að tyrfa yfir þá.

*Malarstígar sem búið er að tyrfa*

Til þess að halda malarstígum snyrtilegum eru nokkrar aðgerðir sem hægt er að grípa til:

Fyrirbyggjandi aðgerðir felast aðallega í því að raka reglulega yfir stígana. Með því að hreyfa reglulega við efninu eru minni líkur á því að illgresi nái fótfestu og að mosi dreifi sér í yfirborðinu. Þetta er hægt að handgera með hrífu eða með því að nota vél og herfi eða sambærileg tæki sem róta í efsta lagi stígsins og grófslétta það svo aftur.

Einnig virkar fyrirbyggjandi að hreinsa stígana reglulega af laufi og öðrum lausum lífrænum leifum sem jarðgerast með tímanum. Með því að nota t.d. laufblásara eða laufhrífu til að hreinsa burt lauf að hausti og vori þá minnkum við líkurnar á því að þau breytist með tímanum í mold sem svo skapar aðstæður þar sem illgresisfræ ná að spíra.

Sé illgresi búið að ná fótfestu í malarstíg þá er lítil annað hægt að gera en að stinga það upp með gaffli eða skóflu og reyna að ná því upp með rótum. Smávaxnari plöntum er hægt að raka saman

ef ræturnar liggja ofarlega í mölinni. Einnig er hægt að skafa efsta lagið ofan af stígnum með gröfu og fjarlægja þar með illgresið sem þar vex. Í framhaldinu mætti svo bæta þunnu lagi af möl yfir stíginn til að gera hann snyrtilegan, slétta úr og þjappa létt yfir ýmist með gröfunni eða með jarðvegsþjöppu.

Mikilvægt er að reyna að fjarlægja sem mest af illgresinu með rót svo að það spretti ekki strax upp aftur og þegar því er lokið er gott að raka yfir stíginn eins og nefnt var hér fyrr sem fyrirbyggjandi aðgerð. Í framhaldinu ætti svo að vera leikur einn að viðhalda stígnum með reglulegum rakstri eða herfingu.

Þegar notkun stíganna breytist úr því að vera að mestu umferð véla og bifreiða yfir í gangandi vegfarendur er gott að tyrfa yfir stígana og létta þar með umhirðu þeirra. Þá er hægt að aka þar um ef þess gerist þörf en viðhaldið minnkar og breytist úr reglulegri illgresishreinsun í slátt sem hægt er að sinna samhliða slætti í kringum leiðin í garðinum.

Mynd af tyrfðum malarstígum: Smári Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar

Mynd af malarstíga herfi: Helena Sif Þorgeirsdóttir, sviðstjóri umhirðu og jarðsetninga hjá KGRP

Aðrar myndir og texti: Ágústa Erlingsdóttir, skrúðgarðyrkjumeistari